



Til lista- og menningarráðs

Kópavogi, 19. apríl 2024
24021708/005.05 ÁAK

Efni: Svar við fyrirspurn Árna Péturs Árnasonar frá 22. mars 2024

Undirritaðri var falið að svara eftirfarandi spurningum eftir fund lista- og menningarráðs þann 22. mars sl.

1. Hvaða eftirlitsskyldum gegnir Héraðsskjalasafn Kópavogs enn samkvæmt lögum 77/2014 Lög um opinber skjalasöfn og tilhlýtandi reglugerðum eftir að safnið var lagt niður?

Í fyrirspurn er gengið út frá því að búið sé að leggja Héraðsskjalasafnið niður. Búið er að taka ákvörðun um að það skuli gert, sú vinna stendur yfir og er áætlað að henni verði lokið í desember 2025.

Eftirlit og ráðgjöf færist yfir til Þjóðskjalasafns Íslands 1. apríl nk.

2. Hvernig er því eftirlitshlutverki framfylgt?

Þjóðskjalasafn framkvæmir eftirlit m.a. með rafrænum eftirlitskönnunum, eftirlitsheimsóknum og frumkvæðisathugunum.

3. Hvernig er skyldum sem áður heyrðu undir Héraðsskjalasafn Kópavogs framfylgt? Hver framfylgir þeim? Hvernig staðfestir Kópavogsbær að þeim sé framfylgt?

Héraðsskjalasöfn skulu annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum og á allan hátt leitast við að varðveita og efla þekkingu á sögu síns umdæmis. Starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur ekki tekið breytingum frá ákvörðun bæjarstjórnar, að því undanskyldu að ekki er tekið við gögnum frá afhendingaskyldum aðilum til varðveislu. Héraðsskjalavörður og skjalavörður á héraðsskjalasafni eru í ráðningarsambandi við Kópavogsbæ enn og framfylgja áfram starfsskyldum sínum skv. starfslýsingum. Næsti yfirmaður þeirra er forstöðumaður menningarstofnana sem heyrir undir sviðstjóra stjórnsýslusviðs.



4. Hvaða gögn hafa verið fjarlægð úr Héraðsskjalasafni Kópavogs frá því það var lagt niður? Óskað er eftir afhendingarnúmerum og yfirflokkum. Hvert fóru þau? Hvar eru þau núna?

Gögn hafa ekki verið fjarlægð úr safninu.

5. Hafa einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök eða aðrir óskilaskildir aðilar óskað eftir því að fá aftur gögn sín úr Héraðsskjalasafni Kópavogs frá því það var lagt niður? Ef já, er óskað er eftir fjölda beiðna og yfirliti yfir eðli gagnanna.

Héraðsskjalavörður hefur ekki fengið formlega beiðni um að fá einkaskjöl sem afhent hafa verið aftur afhent til baka.

6. Hvaða gögn hafa borist Héraðsskjalasafni Kópavogs frá því það var lagt niður? Óskað er eftir afhendingarnúmerum og yfirflokkum.

Eftirtaldar afhendingar hafa borist í safngögn Héraðsskjalasafns Kópavogs eða verið bókuð inn eftir 25. apríl 2023:

Afh. 15/2023 10. maí 2023. Sunnuhlíðarsamtökin. Fundargerðir og fleira.

Afh. 16/2023 15. maí 2023. Guðlaug Erla Jónsdóttir. Skjöl er varða félög kvenna í Kópavogi.

Afh. 17/2023 1. júní 2023. Kennarabandalag Kópavogs. Fundargerðabók.

Afh. 18/2023 5. júní 2023. Launa og rekstrarfulltrúi menntasviðs

Kópavogsbæjar. Skjöl er varða launamál.

Afh. 19/2023 26. júní 2023. Náttúrufræðistofa Kópavogs. Ýmis skjöl úr starfseminni.

Afh. 20/2023 16. ágúst 2023. Alþýðuflokksfélag Kópavogs. Prentuð rit.

Afh. 21/2023 17. ágúst 2023. Þórður Guðnason og Ragnheiður Tryggvadóttir einkaskjöl. Ýmis skjöl m.a. ljósmyndir úr bæjarskrifstofum Kópavogs.

Afh. 22/2023 31. ágúst 2023. Sigurbjörg Hauksdóttir þjónustustjóri þjónustuvers Kópavogsbæjar. Skjöl er varða ýmsar nefndir, framkvæmd kosninga, starfþætti mennta- og menningarsviðs.

Afh. 23/2023 5. september 2023. Ólafur Jens Pétursson og Áslaug Gunnsteinsdóttir einkaskjöl, viðbótarafhending við afh. 32/2021.

Afh. 24/2023 19. september 2023. Náttúrufræðistofa Kópavogs. Rafræn gögn.

Afh. 25/2023 3. október 2023. Sæmundur Guðmundsson einkaskjöl.

Afh. 26/2023 11. október 2023. Víghólaskóli – námsvísar.

Afh. 27/2023 10. nóvember 2023. Bókasafn Kópavogs – smáprent.

7. Hvernig er og verður persónuvernd gagna á Héraðsskjalasafni Kópavogs tryggð eftir að það var lagt niður? Óskað er eftir skýringu á bæði persónuvernd opinberra og einkagagna.

Ákvörðun um niðurlagningu Héraðsskjalasafns og flutning skjala til Þjóðskjalasafns hefur enn sem komið er ekki haft í för með sér breytingu á umgengni um skjölin eða aðgengi annarra en starfsmanna safnsins að þeim. Unnið er að MÁP mati (mat á áhrifum á persónuvernd). Niðurstaða þess mun liggja fyrir á næstu dögum.

8. Hefur mögulegur kostnaður vegna persónuverndarbrotu verið metinn, í ljósi aukinnar áhættu? Ef svo er, hver er hann?

Í fyrirspurn er gengið út frá því að aukin áhættu á persónuverndarbrotum sé fyrir hendi vegna ákvörðunar bæjarstjórnar frá 25. apríl sl. MÁP greining mun leiða í ljós hvort sérstök áhætta fylgir flutningum og jafnframt með hvaða hætti hægt er að lágmarka áhættuna. Fyrstu niðurstöður gefa ekki til kynna að áhætta á persónuverndarbrotum sé mikil.

9. Hversu margir fundir hafa verið haldnir innan bæjarkerfisins um málefni Héraðsskjalasafns Kópavogs frá því ákveðið var að leggja safnið niður? Hverjir sátu þá fundi?

Sjá svar við spurningu nr. 10

10. Hafa verið haldnir óskráðir fundir, þar sem ákvarðanir er varða safnið hafa verið teknar? Hverjir sátu þá fundi og hvað var ákveðið á þeim?

Fyrirspurnum nr. 9. og 10. er svarað þannig að undirrituð og bæjarritari hafa fundað með Þjóðskjalaverði og starfsfólki safnsins. Fundargerðir hafa ekki verið haldnar. Tilgangur funda hefur verið að ræða aðgerðaráætlun og verkaskiptingu. Afurð þeirra funda er aðgerðaráætlun Þjóðskjalasafns sem starfsmenn Kópavogsbæjar hafa rýnt og héraðsskjalavörður gert athugasemd við.

Þá hefur undirrituð og bæjarritari fundað með starfsfólki héraðsskjalasafns um þau verkefni sem framundan eru. Skjalaverðir Kópavogsbæjar hafa fundað með starfsmönnum Þjóðskjalasafns um þá yfirfærslu verkefna sem mun eiga sér stað 1. apríl nk.

Undirrituð lagði til við bæjarstjórn að fallið yrði frá þeim áformun að skilja einkaskjalasöfn og myndir frá öðrum safnkosti. Sú tillaga hlaup umfjöllun á fundi bæjarráðs 11. apríl og bíður ákvörðunar bæjarstjórnar. Sú tillaga er m.a. sett fram eftir ábendingar frá héraðsskjalaverði um að fyrirætlanir um að halda eftir hluta safnsins í Kópavogi standist ekki lög og önnur skilyrði sem gerð séu til varðveislu gagna.

11. Hver hefur aðkoma Héraðsskjalavarðar verið að ákvarðanatöku verið?

Héraðsskjalavörður kom ekki að þeirri ákvörðun að loka safninu og hefur mótmælt henni. Óljóst er af fyrirspurn við hvaða ákvarðanir er átt en vegna



afstöðu héraðsskjalasafnsvarðar til niðurlagningar safnsins er hann ekki beinn aðili að viðræðum við Þjóðskjalasafn. Undirrituð og bæjarritari hafa leitað til hans og hans sérfræðilekkingar þegar þörf krefur. Eftir rýni hans á aðgerðaráætlun um yfirfærslu var lögð fram tillögaga að breytingum á samþykktum tillögum bæjarstjórnar sbr. það sem rakið er hér að ofan varðandi einkaskjalasöfn og myndir.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður

